HEIMSKRINGLA
(Sjötíu og fimm ára)
Kemur út á hverjum miðvikudegi.
Eigendur og útgefendur:
THE VIKING PRESS, LTD.
853 og 855 SARGENT AVE., WINNIPEG.
Talsími: N-6537

Verð blaðsins er $3.00 árgangurinn borgist fyrir fram. Allar borganir sendist ráðsmanni blaðsins.

Ráðsmaður:
BJÖRN PÉTURSSON
Ritstjórar:
BJÖRN PÉTURSSON
STEFÁN EINARSSON

Utanáskrift til blaðsins:
THE VIKING PRESS, Ltd., Box 3171, Winnipeg, Man.
Utanáskrift til ritstjórans
EDITOR HEIMSKRINGLA, Box 3171 Winnipeg, Man.

The "Heimskringla" is printed and published by the Viking Press, Limited, at 853 og 855 Sargent Ave., Winnipeg, Manitoba. Telephone: N-6537.

WINNIPEG, MANITOBA, 5. APRIL, 1922

Grand Trunk brautin enn.

Blöðin á Englandi, einkum fjármálablöðin, halda enn áfram að bera sakir á Canadastjórnina fyrir framkomu hennar í sambandi við G. T. járnbrautamálið. Ástæðan er blöðin rekur til þessa er sú, að nefnd er skipuð var til þess að verðleggja vissar hlutaeignir félagsins hér þegar stjórnin í Canada tók brautirnar í sínar hendur, feldi þann úrskurð, að þessir hlutir félagsins væru sem næst verðlausir. Blaðið Outlook í Lundúnum fer nýlega hörðum orðum um sambandsstjórnina fyrir þetta. Segir það að djarfir og slóttugir fjárplógsmenn í Ottawa hafi narrað stjórnarnefnd félagsins út í það, að láta óháða nefnd rannsaka og verðleggja hluti félagsins. Og blaðið heldur áfram og segir að gerðir Canadastjórnarinnar séu að eyðileggja nafn landsins út á við með framkomu sinni í þessu máli og þegar borgararnir vakni til meðvitundar um það, muni þeir sjá, hve hluthafar G. T. brautarinnar hafi verið brögðum beittir og muni krefjast, að rétti þeirra sé ekki traðkað. Verði hluthöfunum ekki bætt þetta, þurfi Canada ekki að líta til Englands framar eftir lánum o. s. frv., o. s. frv.

Hvað hefir blaðið fyrir sér í þessu? Sannleikurinn í málinu er þessi: Grand Trunk er ein af elztu járnbrautum þessa lands. Brautin var bygð af fé auðmanna á Englandi og var rekin og starfrækt af þeim. Stjórnendur hennar áttu heima á Englandi. Félagið hefir ekki stórþénað á rekstrinum og það er almennt álitið stafa af því, að stjórnendur þess áttu ávalt heima um 2000 mílur í burtu frá fyrirtækinu og höfðu því ekki þekkingu eða lag á að starfrækja það eins og vera þurfti. Aðrar brautir sem hér voru bygðar á sama tíma græddu fé. Fyrir fám árum varð félagið svo illa statt efnalega, að það leitaði á náðir stjórnarinnar; hún veitti því væna fúlgu. Nokkru seinna leitaði félagið aftur styrks og kvaðst ella verða gjaldþrota. Því var enn veitt hjálp. Og loks varð stjórn þessa lands að þera félagið áherðum sér algerlega og og gerði þá samning við stjórnendur þess um að takast stjálf rekstur brautarinnar á hendur. Viss verðbréf er félagið átti, var nefnd fengin til að verðleggja. Einn nefndarmanna, W. H. Taft, frv. forseti Bandaríkjanna, var ekki samþykkur úrskurði meiri hlutans um að hlutir þessir væru verðlausir, þó næsta verðlitlir játaði hann að þeir væru.

G. T. félagið gat ekki starfrækt brautirnar. Það getur því í raun réttri talist einber gæzka af stjórninni gagnvart hluthöfunum að taka brautirnar í sínar hendur og firra þá þæði kostnaði og hugarangri af að starfrækja þær. Og skyldu þessir menn er blaðið heldur uppi málstað fyrir vilja taka brautirnar aftur í sínar hendur?

Hvernig fór með rekstur brautarinnar er auðvitað sárt fyrir hlutlausa. En hví að kenna landstjórninni um það? Hversvegna lætur blaðið ekki sökina koma niður á þeim sem hún með réttu á að koma niður á, stjórnarnefnd járnbrautarinnar? Hví að vera með æsingar gegn Canada út af því, eða hótanir?

Hneyksli.

Hneyksli finst ritstjóra "Lögbergs" það, að Heimskringla skyldi í greininni: "Ástandið í Manitoba" komast svo að orði að fylkisstjórnin hefði eiginlega ekki í stórum stíl brotið stjórnarboðorðin. Það var auðvitað hógvært að orði komist um stjórnina. Það skal játað. En þess var samt ekki vænst, að aðfinslur út af því kæmu úr þeirri átt sem raun er nú á orðin. Að ritstjóri Lögbergs yildi ekki að hófs væri gætt í ákærum á stjórnina, gat hvorki Heimskringlu né öðrum dottið í hug. En svona er það; Það kemur stundum fleira á daginn en við er búist. Ekki vill Heimskringla samt halda því fram, að ritstjóri Lögbergs hafi viljandi ætlað að kunngera þetta. En hún er hrædd um að þokan sem hann talar um, að hún hafi verið í, þegar hún reit greinina, hafi verið orðin að æði þykkum sorta á fjallstindi hans eigin sálar, og hafi glapið honum sýn. Í hverju ákærurnar á stjórnina voru fólgnar munu þeir geta ráðið í sem lesið hafa Heimskringlu undanfarið. Það kemur að litlu haldi þó Lögberg, sem ekki þorði að andæfa þeim jafnóðum og þær birtust látist nú ætla að slá einu stóru stryki yfir þær með því að þykjast búa uppi á hátindi víðsýnis og þykjast öllum fjarsýnni. Það bara sannar hve máltækið gamli: "Enginn vill heita hálfviti speki sinnar", á undur vel við um ritstjóra Lögbergs.

Gleði og Gamanleikir.

(Erindi flutt á kveldskemtun Bjarna Björnssonar, 16. des. s. l.)

"Vér Íslands börn, vér erum vart of kát,
og eigum meira en nóg af hörmum sárum
þótt lífdögg blóma, sé ei sögð af grát
né sævarbrimið, gjört að beizkum tárum.

Vér eigum vart of mikla sumar-sól,
þótt söngvar vorir stundum glaðir boði
að dagur breiði sig um hlíð og hól
og hér sé einnig ljós og morgunroði."

— H. H.

Þessi æ sönnu erindi Hannesar Hafsteins koma oss oft í huga. Sannindi þeirra koma í ljós með svo mörgu móti. Skaplyndi voru Íslendinga virðist vera þannig farið, eða að minsta kosti vera þannig vanið nú orðið, að lífsgleðin auðkenni það eigi allra einkenna mest. Að þeim kolum hefir oft verið blásið, er reyk færa og rökkur yfir hugann, fremur en ljós og yl. Hefir þetta verkað á lundarfarið og umskapað það. Það hefir gjört það meyrt og magnlítið, mæðusamt og klökkvakent hjá þeim sem lítinn hafa haft þróttinn til að bera, en úfið og afundið, þurt og þyrkingslegt hjá hinum, er orkumeiri eru. Sönn einlæg gleði verið sjaldséður gestur. Þeim lífsskoðunum hefir verið haldið að þjóðinni um margar aldir — og þær náð að festa rætur, að lífið sé eitt endalaust stríð og barátta "hér neðra" í öllum efnum. Þær hafa tjaldað heiminn innan með svörtum slæðum og hengt þær hæzt upp á himininn.

Skoðanir þessar hafa líka verið styrktar með kjörum þeim er þjóðin hefir átt við að búa ytra og innra af manna völdum og náttúrunnar. Er því sízt að furða þó þunglyndi og önnur skapferlisveiklun komi víða í ljós jafnt hjá eldri sem yngri. Hitt gegnir meiri furðu að öll gleði skuli ekki vera horfin úr þjóðarsálinni, fyrir löngu. Er það að líkindum tungunni að þakka, er á svo mætar og miklar byrgðir af kjarngóðu viti og kýmni að orðin hníga fyrirhafnarlaust að gleði og gamanmálum. Óvíða verður náð jafn fyndnum og spökum orðaleik sem í íslenzku máli. Í orðum vorrar gömlu og góðu tungu, lýsir sér alt í senn, lífsþekkingin með traustinu á lífinu, og þrekið og hugdyrfðin er býður sjálf um mótganginum byrginn; fjörið og gleðin og fegurðarnæmið er bregður jafnt upp háðmyndinni sem hugsjóninni dýrðlegustu, og sýnir hvorttveggja út í yztu æsar og dregur eigi úr.

Frá Jóni biskupi Arasyni og niður að lokum 18. aldar vottar naumast fyrir sannri lífsgleði í bókmentum þjóðarinnar, nema að því leyti sem málið sjálft geymir hugtök gullaldarinnar í fornum orðskviðum og spakmælum. Undantekningar eru nokkur rímnaerindi, einstakar vísur séra Hallgríms Péturssonar, Páls lögmanns Vídalíns og einkum séra Stefáns í Vallanesi Ólafssonar. Hin viðtekna skoðun á lífinu lætur það ekki í té. Á engu sér lit fyrir súld og súr. Alt gránar í rauna og mæðuþokunni. "Hlátur lagðist langt út, Laumast geispi í hálfdraum." Jafnvel séra Stefán sjálfur, er talinn var "með beztu skáldum og auðsjáanlega mest kýmni-háðskáld og gamanskáld," býr við þunglyndi og hugsýki alla efri æfi. Svo var með Þorlák prest Þórarinnsson á Möðruvöllum, er orti Þórláks-kver, og ljóðasmiði fleiri. Yfir ljóðum þeirra hvílir hinn gleðisnauði drungi, hinn mæðufulli, misskildi tilgangur lífsins. Til siðgæðis hvöttu þeir og dygða, en dygðirnar eru flestar neikvæðar — afneitun við lífið — að komast svo æfibrautina til enda, að sem minst skuli hrína við fætur ferðamannsins duptið upp af veginum.

Ef ljóðagjörðinni var þannig farið þá tók ekki betra við, sem nærri má geta í hugvekjunum og hinum andlegu ritum. Þar er það talið sem gustuka- og góð-verk að breyta brosinu í skeifu og gleðinni í grát, — og ef það ekki tókst með fortölum og "skynsamlegum áminningum" þá voru verkfærin til þess við hendina — hespur og gapastokkar.

"Siðbót" þessi og siðavandlæting nær hámarki sínu við lok 17. aldar og byrjun hinnar átjándu, í tíð Kristjáns konungs hins VI. er var einhver hinn einstrengingslegasti og óþjóðlegasti maður er setið hefir á konungsstóli í Norðurlöndum. Hann mátti eigi mæla á tungu þjóðar sinnar — dönsk tunga var of gróf. Þjóðernissinni hefir hann sjálfsagt verið á sama hátt og prestur einn er fræddi sóknarbörn sín á því að ef þjóðirnar skipuðu tungu sinni á bekk með því sem væri guðlegt og gott, hlyti hið guðlega að víkja, fengi eigi skipað bekk með móðurmálinu.

Í Norðurlandasögu Páls Melsteð er all ítarleg lýsing á konungi þessum og þeim tíðaranda — þeirri lífsskoðun og gleðibanni — er þá ríkti í hinu danska ríki:

"Við hirðina var öðrum siðum fylgt um daga Kristjáns 6., en bæði undan og eftir. Konungur talaði sjaldan við aðra menn af þegnum sínum en hina ættgöfugustu aðalsmenn. Við hirðina heyrðist varla dönsk tunga, heldur þýzk eða frönsk. Konungshöllin var sí og æ umkringd af vopnuðum mönnum, og járnfestar lágu yfir hallarsvæðið spölkorn frá konungshöllinni sjálfri. — Hver maður sem gekk yfir nefnt hallarsvæði varð að taka ofan og ganga berhöfðaður þangað til hann var kominn framhjá höllinni. Eftir þessu fór annað háttalag við hirðina. Konungur vildi efla bæði siðgæði og velgengni þegna sinna, en skorti til þess bæði vit og nærgætni. Þannig gaf hann út árið 1735 tilskipan um helgidagahald, svo harða og ósamkvæma kristilegu frelsi sem mest mátti verða: Öllum var boðið að sækja kirkju tvisvar hvern helgan dag og sektir viðlagðar ef í móti var brotið; á landsbygðinni voru menn settir í gapastokk, ef þeir gátu ekki goldið sektarféð. — Þessvegna var hverjum kirkjueigenda boðið að setja gapastokk við hverjar kirkjudyr. Í Khöfn og öðrum víggirtum borgum, var borgarhliðum læst á helgidögum, þangað til einni stundu eftir nón, til þess enginn kæmist út sér til skemtunar. Engar skemtanir máttu eiga sér stað, og eigi brúðkaup halda, því síður aðrar veizlur, á sunnu- eða helgidögum, eða næsta kveld á undan. Árið 1737 var skipað "Kirkjustjórnarráð", **er gætur skyldi hafa á öllum klerkum og skóla kennendum og öllum kyrkjuaga, yfirfara og leggja dóm á þær bækur er út voru gefnar,** þótt háskólakennendur hefði áður rannsakað. Það þótti vottur sannrar guðhræðslu að vera niðurlútur, tárast og kvarta sáran um þessa heims hégóma, og hafa það jafnan á vörum, að þetta líf væri ekki annað en tára og eymdardalur. Þessi misskilda vandlæting hafði ekki annað í för með sér en hræsni og uppgjörðarguðhræðslu, því menn sáu brátt að þeim var upphefðin vís er báru til sýnis yfirvarp guðhræðslunnar, en hinir voru settir hjá, er eigi vildu bera hana utan á sér, svo sem til sýnis með ýmsu látbragði.

Meðan Kristján 6. réði ríkjum voru gleðileikar og hverskonar skemtanir fyrirboðnar og ekki umtalsmál að gleðirit Holbergs væru leikin." — En bæta má því við, bókmentum og menningu Norðurlanda til allrar hamingju, þá lifði Holberg konunginn um 8 ár.

Er tíðarandinn var þessi, — og hann var hinn sami á Íslandi sem annarsstaðar, um það sáu þeir Harboe Hólabiskup og fleiri, — þá var eigi furða þótt "gengið væri hægt um gleðinnar dyr". Þótt með tíð og tíma mótaðist hugsunarhátturinn og þessi þvingunarhefð, hefði það í för með sér að gera menn bölsýna. En bölsýninni fylgir jafnan ótrú á öllum framförum, allri tilbreytni. Hugsunin verður kraftlítil, dofin og dáðlaus. "Afl og mentir dvina." Framsóknarþrekið, traustið á eigin ramleik, trúin á mátt og megin, á að menn fái risið undir lífsbyrðinni eða hrundið af sér oki og órétti, verður að engu, en snízt upp í kvartanir og áklaganir undan erfiði og þrautum lífsins, — stunur og andvarpanir. Í stað þess að þetta bæti nokkuð hugsunarháttinn, gjöri hann siðlegri eða hreinni svo menn verði dagfarsbetri, spillir það honum til stórra muna, eins og segir sig sjálft. Bera aldir þessar bezt vitni um það. Þarf eigi annað en vísa til þess em Eggert Olafsson segir í "Brúðkaupssiðabók" sinni, er kafli er tekinn úr upp í formála fyrir "Vikivaka og þulur", (Bls. 26—28). Þar er Eggert að hvetja landa sína til þess að taka upp "gleðileiki" því þeir séu hin beztu meðöl við dofinskapnum og sinnuleysinu, sem svo mjög auðkenni þá. Segir hann að menn séu orðnir "dofnir og slenfullir" af því þeir hafi mist öll tækifæri til örfandi skemtunar. "Engin þjóð í veröldu er jafn hrygg og dauf og þegjandi sem vér, hverjir ekkert höfum að gamna oss með. Fylgir þar af annar mál-lakj, ráðleysi nær finna þarf nokkuð nýtt til gagns, þegar hið gamla brestur; framkvæmdarleysi nær fljótt og harðlega þarf að nokkru að vinda, og loksins svefn og dofinleiki eður tilfinningarleysi, þá einhver stórmál eru í efni." Bendir hann til gullaldar Grikkja og Rómverja: "Hversu ágætlega sýndu ei háðleikir hjá nefndum bióðum dvvðir og lesti með náttúrlegum yfirlitum. Heiluðu þeir ekki sem mjúk ustu læknisdómar ýmsa sjúkdóma borgaralegs líkama? Hvað þægilega og undir eins nytsama hræring munu ei smíðar Plautusar, "við asnakvörnina" hafa haft á viðsýnum sjónarfleti." Ræður hann til útileika um sumartíma en inni um vetur og telur þá sjálfsagt að hafa um hönd "sagna og hljóðfæraskemtun, kvæði og söngva, góð-skrítna og satýriska, **þá er lasta ilt og lofa gott.**"

Í tímariti Jóns heit. Sigurðssonar "Nýjum félagsritum", ritar Dr. Konrad Maurer, Íslandsvinurinn gamli og góði um sama efni. Getur hann þar um gleðibannið er hvílt hafi yfir Íslendingum, skaðsemi þess, og hvernig það hafi verið tilkomið. Þar segir hann: "Mælt er að prestar hafi gengið hart að útrýma "gleðinni" (Vikivökunum) og var það samkvæmt annari stjórn þeirra tíma, að kasta barninu út með lauginni, banna "gleðina" af því þeir kunnu ekki að stýra henni svo hún yrði hæfileg. Á Færeyjum og í Noregi haldast "gleðirnar" við enn, og all ar siðaðar þjóðir láta sér ant um að glæða smekk alþýðu á saklausri og fagri skemtan. því þær viðurkenna að það kveyki fjör og atorku, en skemtanaleysi olli deyfðar og kjarkleysis til allra nytsamlegra starfa."

Hvílík áhrif gleðibannið hefir haft, skýrir Ingibjörg Olafsdóttir vel frá í ritlingi er kom út nú fyrir fáum árum síðan og hún nefndi "Siðferðisástandið á Íslandi." Eftir því sem hún lýsir 16., 17., og 18. öldinni, hefir strangleikinn er heiminum breytti í táradal, ekki orðið til stórrar siðferðislegrar uppbyggingar. Kemur það fram að Þorst. Erlingsson hefir haft rétt að mæla, "að fjárans holdið gegnir ekki neinum." Ef því er meinuð sú skemtanin sem saklaus er, og léttir ögn veraldar áhyggjurnar, velur það hina sem til næst og öllum heillum spillir. En við það líður æðra manngildið. Eymdarsónninn fyrir alt með falsi og yfirskini og sennilega villir sjónir á hinu sanna lífsgildi.

Þó ætla sumir að þessi strangleiki, er ekki skilur hvað heilsusamlegum andlegum þroska heyrir til, leiði á einskonar dygðastig, milliveg, — hinn þrönga veg, sem til lífsins leiðir. En þessi þröngi vegur leiðir til lífsglötunar, til skilningsleysis og fegurðarleysis, til andlegs dauða. Þessi vegur er braut hinna blindu og mállausu sem vísuorðið lýsir: "Annarsvegar alt er nótt, en alkyrð hinumegin" — myrkur og þögn. Hann á að vera einskonar rif sem liggja á milli eyja og lands og eftir rifi þessu megi svo kóklast til fyrirheitna landsins — burt úr veraldar volkinu. En hann er ekki svo mikið sem rif. En þó svo væri myndu fæstir kjósa þá leiðina, er annan heilsusamlegri veg þekkja en mörgum fara sem Páli Ólafssyni í vísunni: "Eitthvert rif regir Einar til, sem er á milli lasta og dygða. En eftir því eg varla vil, vaða á milli efri og neðri bygða."

Þrátt fyrir tilraunirnar sem gerðar voru til þess að nema burtu alla lífsgleði með þeim skoðunum sem að þjóðinni var haldið, þrátt fyrir lagaboðin og konungsskipanirnar, þrátt fyrir hin hörmulegu og þröngu ytri kjör, varð gleðin aldrei máð burtu að öllu leyti úr þjóðarsálinni. Hún lifði þar og — lifir enn, einhver neisti hennar — víðast hvar — þótt nærri láti að lítið sé eftir sumstaðar. Hún er hið góða hlutskifti sem eigi verður frá henni tekið. En til þess hjálpaði tungan og bókmentirnar fornu, en þó sérstaklega hið upprunalega eðli þjóðarinnar sjálfrar. Hefði þjóðin eigi upphaflega í eðli sínu verið bjartsýn væri hún eigi framar til. Þótt gleðinni væri bygt út, hafðist hún við á öræfagróðrinum andlega, — sem útilegumaður í Óáðahrauni — svo hennar verður vart, innan um víliið og volæðið, barlóminn og heimsbrigslin, svo



Dodd's nýrnapillur eru bezta nýrnameðalið. Lækna og gigt, bakverk, hjartabilun, þvagteppu, og önnur veikindi, sem stafa frá nýrunum. — Dodd's Kidney Pills kosta 50c askjan eða 6 öskjur fyrir $2.50, og fást hjá öllum lyfsölum eða frá The Dodd's Medicine Co., Ltd., Toronto, Ont.

að andlega missir eigi þjóðin alveg heilsuna. Hennar gætir í brosi og hendingum af og til. Úir og grúir af fyndnum og hnittnum orðatiltækjum, svörum og setningum, er glóa eins og gimsteinar í sorpi — öllu hugvekjuruslinu. Stundum koma þessar setningar þannig að fyndnin læðist inn í þær óvart og höfundunum óvitandi. Kennir slíkra grasa einkum í þjóðsögnum og alþýðufróðleik.

Hvað kýmnin og orðahagleikurinn eiga djúpar rætur í íslenzku eðli, sýna fornsögurnar bezt. Þar glampar alt og geislar af gleði, sem gengið sé inn í glæsta og glóandi sali. Yfir hreystinni og hetjuandanum er "vonarbragur", er frægð og fegurð, afli og æsku, fer vel. Yfir hergný og Þórdunum, brosir gleðin, hin sanna lífsgleði. Kvíðalaus orð falla í stuðlum og stefjum hver sem leikslok verða. Hákon konungur Aðalsteinsfóstri bar jafnan hjálm á höfði gulli roðinn. Af gullhjálminum þektist Norðmannakonungurinn hvar sem hann fór. Af fegurðarsvip lifanda lífs, vonar og dáðar, þekkist hin forna frelsis og hreysti-öld Norðurlanda og hin fornu skapgerðar einkenni Norrænna þjóða.

Meðal þeirra er kýmnastir voru og hárbeittastir í orðum í fornri tíð má nefna Harald konung Sigurðsson meðal Norðmanna. Allir muna söguna af þeim bræðrum og svar Haraldar, er Ólafur Haraldsson kom til Sigurðar konungs og gengur til þeirra hálfbræðra sinna þar sem þeir eru að leikjum og spyr þá hvað þeir vildu helzt eiga. Þá má og minnast orðasennu Haraldar og fiskimanna í Niðarósi og Björgvin. Var sem Haraldur hefði eigi meir yndi af öðru en hnittnum svörum og skörpum og skýrum orðum, en langfrægastur er þó orðaleikur þeirra Haraldar og Grautar-Halla. — Af íslenzkum dæmum úir og grúir sama efnis. Þorleifur Jarlaskáld, Gísli Súrson er var háðskáld gott, Skarphéðinn, Einar Þveræingur, Snorri Goði, er jafnan hafði gamanvísur og skörp tilsvör á takteinum er eitthvað bar í efni. Í bardaganum eftir brennumálin á Alþingi, þegar spjótinu var skotið gegnum báða kálfa á Skapta lögsögumanni, og hann dreginn inn í búðina, gat Snorri eigi að því gjört en að raula fyrir munni sér gamanvísu um atburð þann, er hann gekk á milli þeirra sem börðust. Gunnar á Hlíðarenda, sem annars er eigi talinn undirhyggjumaður, er leikari góður og hefir sjálfsagt kunnað að breyta rödd og ræðu. Þá er Grettir Ásmundsson eigi síztur þótt kenni stundum biturleika og napurhæðni í orðum hans sem hjá Skarphéðni. Annars eru dæmin svo mörg í sögunum að þau eru ótæmandi. En eitt viljum vér þó tilfæra orðrétt, því þar kennir hvorttveggja, hins djúpspakasta vits og hinnar fínustu fyndni. En það er svar Ólafs Pá, er þeir lentu í hafvillum úr Noregi á leið til Ísland. Urðu þeir skipverjar og stýrimaður er Örn hét, ekki á eitt sáttir um stefnu. "Var Örn til móts en mestur hluti manna mælti í gegn", segir sagan. Var þá leitað til Ólafs hvað honum sýndist. Segir Ólafur þá "Þat